

Gunnar Einarsson bæjarstjóri
Bæjarskrifstofu Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt. daga	22.02.2017
Málaf. nr.	
Mál nr.	1702340

Endurskoðun samstarfssamnings Skógræktarfélags Garðabæjar við Garðabæ, Tillaga.

Við hjá Skógræktarfélagi Garðabæjar sendum hér meðfylgjandi drög að endurnýjuðum samstarfssamningi milli Garðabæjar og Skógræktarfélags Garðabæjar sem gilda mun árin 2017 - 2022. Félagar í Skógræktarfélaginu eru um 320 manns.

Eldri samningur var í gildi í fjögur ár með starfsstyrk að upphæð 2.500.000 kr. á ári en við leggjum hér til að nýi samningurinn gildi næstu sex árin þ.e.a.s. á árunum 2017 til og með 2022, með árlegri fjárhæð í starfsstyrk 3.000.000 kr. Vonumst við til að Garðabær sjái sér fært að verða við þessum óskum okkar.

Aðalfundur Skógræktarfélags Garðabæjar verður haldinn mánudaginn 13. mars næstkomandi í Safnaðarheimilinu Kirkjuholi og er það einlæg ósk okkar að unnt verði að ganga frá samstarfssamningnum fyrir þann tíma og undirritun hans gæti farið fram á aðalfundinum.

Samningnum fylgir einnig fylgiskjal nr. 1

Garðabæ 22. febrúar 2017

Virðingarfyllst

f.h. stjórnar Skógræktarfélags Garðabæjar


Sigurður Þórðarson

Netfang: sigthordar@internet.is

Sími: 864 5038